

161

5. sept.

24. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögglumál.

25. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. september 1939.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

162

6. sept.

REGLUGERÐ

um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

1. gr.

Heildsalar mega ekki láta úti benzín til bifreiðaaksturs nema til smásala, sem annast benzínsölu á bifreiðar annaðhvort fyrir eigin reikning eða í umboði heildsalans (olíufélagsins).

Eigendum og umráðamönnum benzínbirgða, sem ætlaðar eru til afhendingar í smásölu, er óheimilt að láta úti nokkuð af þeim til bifreiðaaksturs fram yfir það, sem nægir til að fylla benzíngeymi bifreiðar þeirrar, sem benzínið tekur, og má ekki tæma benzíngeymi bifreiðarinnar á annan hátt en með eðlilegri eyðslu gangvélar bifreiðarinnar, nema þess þurfi vegna bilunar á bifreiðinni eða hún sé tekin úr notkun.

Benzín má ekki, án sérstakrar heimildar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, láta úti til annara mannflutningabifreiða en þeirra, sem samkvæmt reglugerð þessari hafa heimild til aksturs og ekki til annara leigubifreiða til mannflutninga en þeirra, sem við setningu reglugerðar þessarar eru skráðar og notaðar sem leigubifreiðar til mannflutninga. Ekki má heldur láta úti benzín til bifreiða þeirra, sem ætlaðar eru til smáflutninga þeirra, sem um ræðir í 7. gr. reglugerðar þessarar.

Ráðuneytið getur þá veitt undanþágu frá þessum ákvæðum þegar það telur ástæðu til.

2. gr.

Benzín til annarar notkunar en bifreiðaaksturs er bannað að afhenda nema til nauðsynlegustu þarfa og ekki án sérstakrar heimildar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins meira en venjulegan vikuförða hlutaðeiganda.

3. gr.

Allur akstur einkabifreiða til mannflutninga er bannaður, með þeim undantekningum, sem segir í reglugerð þessari.

Einkabifreið til mannflutninga telst hver sú mannflutningabifreið, sem ekki er aðallega notuð til flutninga á fólki fyrir borgun.

Allur akstur bifhjóla er bannaður.

4. gr.

Undanþegnar banni því, sem um ræðir í 1. gr. eru bifreiðar lækna og yfirsetukvenna að því leyti, sem þær eru eingöngu notaðar til sjúkravitjana, svo og bifreiðar útsendra fulltrúa erlendra ríkja. Ennfremur getur atvinnu- og samgöngu-

málaráðuneytið undanþegið banni þessu bifreiðar opinberra stofnana, eftir því sem það telur nauðsynlegt. 162

6. sept.

5. gr.

Bannaður er allur ónauðsynlegur akstur leigubifreiða til mannflutninga og verða bifreiðarstjórar og farþegar að gera lögreglunni grein fyrir ferðum sínum þegar þess er krafizt.

Lögreglustjórar geta, hver í sínu umdæmi, eftir atvikum, sett ákvæði til hindrunar óþörfum akstri í og úr umdæminu.

6. gr.

Allur akstur um bæi og kaupún er bannaður á nóttum milli kl. 24 og 6, öðrum bifreiðum en langferðabifreiðum, strætisvögnum og vöruflutningabifreiðum, svo og þeim einkabifreiðum, sem um ræðir í 4. gr. Þó skal í Reykjavík ein bifreiðastöð vera opin að nóttunni til bráðnauðsynlegs aksturs og ákveður póst- og síma-málastjóri hvernig stöðvar bæjarins skuli skiptast á um það og um það, hversu margar bifreiðar megi hafa í notkun, og getur hann sett nánari fyrirmæli um tilhögun akstursins.

7. gr.

Vörubifreiðar má ekki nota til ónauðsynlegra ferða, hvort heldur er með vörur eða fólk.

Notkun bifreiða til flutnings á vörum úr verzlunum í bæjum til heimila innanbæjar er óheimil, nema um þungavöru svo sem kol sé að ræða.

8. gr.

Eiganda eða umráðamanns mannflutningabifreiðar er óheimilt að lána eða leigja hana öðrum án þess að bifreiðarstjóri fylgi.

9. gr.

Öllum þeim, sem samkvæmt reglugerð þessari er óheimilt að fá benzín til bifreiðaksturs er skylt að tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra tafarlaust hversu miklar birgðir af benzíni eru í vörzlum þeirra og láta þær af hendi við ríkisstjórnina, ef þess er óskað, gegn hæfilegu endurgjaldi.

10. gr.

Eigandi eða umráðamaður hverrar þeirrar bifreiðar, sem heimilt er að fá benzín samkvæmt reglugerð þessari, skal snúa sér til hlutaðeigandi lögreglustjóra og gefur hann út skírteini, sem fylgi bifreiðinni, er sýni akstursheimild hennar, og skal það sýnt, er benzíns er beiðst handa bifreiðinni. Jafnframt setur hann merki um akstursheimildina innan á framrúðu bifreiðarinnar. Bifreiðin skal einnig hafa meðferðis bók, sem afgreiðslumaður sá, er lætur benzín úti, skal skrifa í hvenær hann lætur benzín úti og hversu mikið.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 10 000 krónum. Fara skal með mál út af slíkum brotum sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu. Óðlast hún þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin bráðabirgðareglugerð um sölu og afhendingu benzíns frá 2. sept. 1939.

Í ríkisstjórn Íslands, 6. september 1939.

Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson.